

## Skýrsla stjórnar fyrir árið 2012

### 1. KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur þann tilgang fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjara- og réttindamálum. KVH fer með samningamál fyrir hönd sinna félagsmanna gagnvart ríki, sveitarfélögum og almennum markaði.

Félagið er eitt 25 aðildarféлага Bandalags háskólamanna.

### Stjórn félagsins

Eftirtaldir skipuðu stjórn félagsins starfsárið 2012-2013:

Birgir Guðjónsson, formaður  
Sigríður Svavarsdóttir, ritari  
Ársæll Baldursson, gjaldkeri  
Helga Sigurðardóttir, meðstjórnandi  
Helgi Þór Jónasson, meðstjórnandi

Varamenn: Hjálmar Kjartansson, Björn Bjarnason og Ragnheiður Ragnarsdóttir.  
Skoðunarmenn: Jóngeir Hlinason og Halla S. Sigurðardóttir.

Á starfsárinu voru haldnir 20 stjórnarfundir. Þar var fjallað um réttinda og kjaramál og önnur hagsmunamál félagsmanna ásamt stefnumótun og breytingu á starfsemi KVH. Ennfremur tóku stjórnarmenn þátt í ýmsum vinnufundum og nefndum á vegum BHM. Formaður félagsins sat einnig fundi formannaráðs BHM ásamt stjórnarfundum þjónustuskrifstofu Huggarðs til ársloka 2012.

Um áramótin var samningi Huggarðsfélaga vegna reksturs sameiginlegrar þjónustuskrifstofu slitið. Var þetta sameiginleg niðurstaða stjórna tveggja stærstu stéttarfélagana, KVH og Fræðagarðs á fundi í lok nóvember 2012. Endanlegt fjárhagslegt lokauppgjör Huggarðs mun fara fram í apríl en bráðabirgðauppgjör sýnir 200 þús inneign til KVH.

Í framhaldi tók stjórn KVH þá ákvörðun að opna eigin þjónustuskrifstofu, ásamt því að ráða í nýtt starf framkvæmdastjóra félagsins. Starfið var auglýst hjá Hagvangi ráðningarskrifstofu og sóttu 37 einstaklingar um starfið en jafnframt sá Hagvangur um umsóknarferlið og viðtöl. Til starfsins var ráðinn Hallur Páll Jónsson, mannauðssérfræðingur. Hann hóf störf þann 1. febrúar 2013 með því að opna nýja þjónustuskrifstofu Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga að Borgartúni 6, í sama húsnæði og áður. Hallur Páll starfaði sem mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar árin 2007-2012. Áður var hann bæði deildarstjóri hjá Stjórnsýslu -og starfsmannasviðs Reykjavíkurborgar og starfsmannastjóri Félagsþjónustunnar í Reykjavík, eða á tímabilinu

1994-2007. Hallur Páll lauk MA-gráðu í mannauðsfræðum frá Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands árið 2004, prófi í rekstrar- og viðskiptafræðum árið 1995, auk BA-gráðu í heimspeki, sálfræði og bókmenntum árið 1977. Auk þess hefur Hallur kennapróf frá Kennaraskóla Íslands. Hallur Páll sinnti ýmsum öðrum verkefnum samhliða störfum sínum hjá Reykjavíkurborg og var hann meðal annars formaður kjarasamninganefndar Reykjavíkurborgar síðastliðin fimm ár, en hafði starfað með nefndinni frá árinu 1996.

Stjórn KVH þykir mikill fengur af Halli og telur að starfsemi Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga hafi verið tryggt hærra og gæðameira þjónustustig til félagsmanna með breytingunum, sem er nauðsynlegt þegar um er að ræða kjaramál, vinnurétt og önnur réttindamál félagsmanna.

Ljóst er að fjölmörg tækifæri og markvissari starfsemi og vinnubrögð, munu líta dagsins ljós með stofnun skrifstofunnar og er það hlutverk nýrrar stjórnar að móta það verkefni.

Vinna við nýja heimasíðu KVH er langt á veg kominn og verður hún formlega opnuð í lok þessa aðalfundar.

Nýr kynningarbæklingur KVH kom út í byrjun árs 2013. Í honum er víðtæk kynning á félaginu og er bæklingnum ætlað vera nauðsynlegur miðill í markaðs- og kynningastarfi á komandi misserum.

Vert er að geta þess að Fagfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga (FVH) hafði í byrjun mars 2013 samband við KVH með samstarf í huga. Áformað er að funda með fagfélaginu á næstunni.

Hér á eftir eru helstu verkefni stjórnar á starfsárinu og staðan á þeim verkefnum.

- ✓ Kjarasamningar allra aðildarfélaga BHM við ríkið, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Samtök atvinnulífsins voru framlengdir til 31.janúar 2014 samkvæmt samkomulagi sem var undirritað 11. febrúar 2013.
- ✓ Ný heimasíða KVH.
- ✓ Stefnumótunarvinna – Byrjað var á stefnumótunarvinnu fyrir félagið í október. Henni verður framhaldið á þessu ári.
- ✓ Stofnanasamningar – Nokkrir stofnanasamningar við ríkisstofnanir voru í vinnslu á árinu. Farið verður markvisst yfir stöðu stofnanasamninga hjá félaginu á komandi starfsári.
- ✓ Bæklingur KVH – Vinna við bækling KVH sem prentaður var í byrjun árs 2013.
- ✓ Laganefnd - Vinna við breytingar á lögum félagsins frestað vegna opunar nýrrar þjónustuskrifstofu.
- ✓ Laun stjórnar – Endurskoðun á launum stjórnar frestað vegna opunar nýrra þjónustuskrifstofu.

## **Félagsmenn og kynningar**

Greiðandi virkum félagsmönnum fjölgaði síðastliðin tvö ár frá því að vera 660 (feb 2011) í 811 (feb 2013), en það gerir 23% fjölgun. Ríkisstarfsmenn eru um 60% félagsmanna og almenni markaðurinn um 23%. Konur eru heldur stærra hlutfall félagsmanna en karlar eða 55% á móti 45%.

KVH þarf að gera áttak í að sækja fleiri félagsmenn til almenna markaðarins en viðskiptafræði- og hagfræðimenntaðir á Íslandi eru á milli 8-9 þús manns. Nauðsynlegt er að gera áttak til kynningar á almennum markaði. Frá og með vori 2013 er stefnt að kynningum fyrir starfsmannastjóra stærri fyrirtækja á almennum markaði ásamt því að senda út nýjan bækling félagsins til ákveðinna markhópa næsta haust.

Það hefur verið stefna stjórnarinnar að efla og kynna félagið. Fjölgun félagsmanna er mjög æskileg því styrkurinn felst ekki síst í stærðinni. Með þetta að leiðarljósi höfum við horft til háskólanna líkt og fyrverandi stjórnir hafa gert undanfarin fimm ár. Tekið var á móti viðskiptafræði- og hagfræðinemum frá Háskóla Íslands (vísindaferð) þar sem félagið var kynnt fyrir háskólanemum. Áformað er að auka þessa kynningu til fleiri háskóla. Það er orðinn árlegur viðburður að taka á móti háskólanemum og fræða þá um starfsemi félagsins og BHM. Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt að kynnast þessu efnilega unga fólki og við höfum fundið fyrir miklum áhuga hjá þeim. Þess má geta að í þessum heimsóknum óskum við eftir netföngum háskólanemanna sem notuð verða í frekari kynningar á félaginu. Hægt er að fullyrða að hjá háskólanemendum sé vaxtabroddur félagsins og á komandi árum viljum við sjá stóran hóp af þessum nemendum ganga til liðs við okkur.

Í febrúar 2012 tók KVH þátt í Framadögum háskólafélags sem að þessu sinni fór fram í Háskólanum í Reykjavík. Tókst þessi kynning í alla staði vel.

### **Ferð Huggarðsfélaga til Dublin og Brussel.**

Huggarður fór í ferð til Dublinar og Brussel í október 2012 og með í för voru tveir aðilar frá KVH, formaður og ritari ásamt 8 öðrum aðilum úr 4 stéttarfélagum. Þar sóttum við heim **Impact** sem er eitt stærsta stéttarfélag Írlands með um 64.000 félagsmenn og eru félagsmenn bæði ríkisstarfsmenn og starfsmenn á almennum markaði. Þar kom fram að atvinnuleysi á Írlandi var um 15 % í október 2012 og væri mun hærra ef ekki kæmi til landflótti háskólamanna sem færu erlendis í nám og vinnu enda er tungumálið enginn þröskuldur. Mestar áhyggjur hafði stéttarfélagið af atvinnuleysi ungs fólks sem væri að koma út á vinnumarkaðinn.

Kevin Foley framkvæmdastjóri deildar um sátt á vinnumarkaði hjá Impact „*Director of conciliation services, Labour relation Commission*“ kynnti fyrir okkur starfsemi þeirra við að afgreiða mál sem tengjast vinnurétti félagsmanna. Þar eru t.d. 10 starfsmenn í deild sem eru bæði með bakgrunn starfsmanna og vinnuveitenda, þannig að annar aðilinn telji ekki ógn af afgreiðslu mála. Til vinnuréttardeildarinnar er hægt að skjóta vel flestum málum er varða málefni starfsmanna og vinnustaðar á sviði vinnuréttar og kjaramála.

Mike Jennings, framkvæmdastjóri Írskis sambands háskólaakennara hélt fyrirlestur þar sem fram kom að mikið óöryggi væri á meðal starfsmanna Háskólanna. Mikil fækkun hafi orðið á föstum launasamningum í rannsóknarvinnu og væru nú frekar gerðir verktakasamningar við háskólaakennara í rannsóknarvinnu. Þetta ástand dregur úr hæfni og getu rannsakenda til að halda áfram rannsóknarvinnu ásamt því að spyrja spurninga sem ekki hefur verið svarað. „*Ef við hættum að spyrja, hættum við að þróa*“. Hér sagði Jennings, sögu um bónda sem sá hvað hann gat sparað með því að hætta að fódra hestinn sinn og allir vita hvernig það endar, hesturinn drepst og bóndinn hefur ekki hestinn til vinnu og framleiðslu á jörð sinni. Jennings vísaði einnig á skýrslu OECD „**Education at Glance**“ í þessu samhengi.

Seinni daginn á Írlandi var **EUROFOUND** (*European Foundation for the improvement of living and working conditions*) heimsótt en stofnunin skipuleggur og vinnur rannsóknarstörf sem tengjast bættum lífskjörum í Evrópu. Þeir afla upplýsinga, gera skoðanakannanir og eiga viðamikinn gagnagrunn sem þeir gefa aðgang að á heimasíðu sinni. Stofnunin er í viðamiklu samstarfi við aðila sem vinna að bættum lífskjörum í

Evrópu. Einnig kom fram hjá starfsmönnum Eurofund að þeir hafa miklar áhyggur af stöðu ungs fólks í Evrópu, bæði á vinnumarkaði og lífskjörum þeirra almennt.

Í Brussel heimsóttum við **framkvæmdastjórn Evrópusambandsins** og fræddumst um starfsemina auk þess að hitta tvo þingmenn. Annar þingmaðurinn var jákvæður fyrir Evrópusambandinu og sagði að það hefði verið auðveldara að hafa áhrif innan þingsins en hún hélt í byrjun. Hinn þingmaðurinn var á móti Evrópusambandinu og var kosinn á Evrópuþingið í gegnum samtök vinstri grænna í Danmörku en þessi samtök buðu fram til þess að vera á móti. Þessi þingmaður var fullviss um að Norðurlöndin gætu átt mun betri samvinnu með því að stofna sérstaka stofnun á víðtækum efnahagslegum grundvelli. Þar kom einnig fram að hvert aðildarland leggur til 1,2% af þjóðartekjum (*gross national income, GNI*) til sambandsins.

Hjá eftirlitsstofnun **EFTA (ESA)** fengum við fyrirlestur um starf stofnunarinnar sem felst í því að hafa eftirlit með framkvæmd reglna EES samningsins á Íslandi, Liechtenstein og Noregi. Þrjú mál hafa fengið meðferð hjá þeim sem tengjast hruginu á Íslandi er varða stóru bankana þrjá, Íbúðarlánasjóð og Verne vegna ríkisaðstoðar, en íslenska ríkið hefur m.a. áfrýjað niðurstöðu ESA vegna þess síðarnefnda til EFTA.

Það var á miklu að taka í þessari vikuferð og má geta þess að viðtökur voru mjög góðar og auðmjúkar í garð Íslendinga og var mikið um að viðmælendur dáðust að því hvernig tekið væri á málum í kreppunni á Íslandi. Þá voru viðmælendur einnig forvitnir og spurðu bæði útí gang efnahagsmála og makríldeilunna, en fjölmargir höfðu skilning á sjónarhorni Íslendinga varðandi makrílinn.

Að lokum var stoppað í Íslenska sendiráðinu í Brussel þar sem Þórir Ibsen sendiherra Íslands ásamt starfsfólki tók höfðinglega á móti okkur með erindi um starfsemina sendiráðsins og aðkomu þess að samningamálum við ESB.

## 2. Kjaramál og samningar.

Kjarasamningar aðildarfélaganna BHM frá 2011 við ríkið, RVK, SíS og SA kváðu á um endurskoðun í ljósi endurskoðunar samninga á almennum markaði í janúar 2013. Skrifað var undir samkomulag um að gildandi kjarasamningar verði lausir 31. janúar 2014 og færast fram um tvo mánuði. (sjá viðauka)

Í ljósi þess að gildistími kjarasamninga renur út upp úr næstu áramótum þá er mikilvægt að hefja undirbúning síðla sumars að vinnu við næstu miðlægu samninga.

Allmargar bókanir voru gerðar í síðasta miðlæga kjarasamningi. Undirbúningsvinna vegna bókana hefur ekki gengið eftir af hálfu atvinnurekanda. Ljóst er að vægi bókana mun verða verulega minna í næstu kjarasamningum.

## 3. Launaþróun

Um miðjan mars síðastliðinn, gaf Hagstofa Íslands út Hagtíðindi sem er rit er fjallar um laun, tekjur og vinnumarkað.

Laun á íslenskum vinnumarkaði hækkuðu um 7,4% milli ára 2011 og 2012. Þá hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 7,8% að meðaltali, en laun opinberra starfsmanna um 6,6%.

Á almennum vinnumarkaði hækkuðu laun skrifstofufólks mest á milli ára eða um 9,2% en laun iðnaðarmanna hækkuðu minnst eða um 6,7%. Á sama tímabili var hækking launa

eftir atvinnugreinum á bilinu 6,0% til 11,2%. Mest hækkuðu laun í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og vátryggingum en minnst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

Í töflu (1) er meðaltals samanburður fyrir árið 2012 á dagvinnulaunum og heildarlaunum félagsmanna KVH sem starfa hjá ríki, skipt niður á laun karla og laun kvenna.

Í töflu (2) er heildaryfirlit fyrir árið 2012 á meðaltals dagvinnulaunum og heildarlaunum félagsmanna KVH sem starfa hjá ríki án kynjaskiptingar.

Í töflu (3) er samanburður á meðaltals heildarlaunum nokkra stéttarféлага innan BHM ásamt meðaltals heildarlaunum allra BHM féлага.

Í töflu (4) er dreifing launaflokka ríkisstarfsmanna hjá KVH í desember 2011.

Sérstaklega skal bent á að laun hækkuðu hjá ríkisstarfsmönnum um 3,25% þann 1.mars 2013.

**Sérstök athygli er vakin á aðferðarfræði og skýringum fjármálaráðuneytis vegna útreiknings meðallauna sem lesa má hér meðfylgjandi.**

*„Aðferðafræði og skýringar*

*Upplýsingarnar sýna meðaltöl launa. Gögnin eru ekki greind frekar og þar af leiðandi er takmarkað hve miklar ályktanir er hægt að draga af upplýsingunum. Meðaltal sýnir aðeins hvar þunginn í launasetningu hvers hóps liggur og launaþróun hans. Meðaltal tekur lítið tillit til einstaklingsbundinna þátta sem hafa áhrif á launamyndun, svo sem menntun, starfsreynslu, stjórnunarskyldur og innihald starfa. Því er hér um óleiðréttan launamun að ræða, það er að ekki er búið að taka tillit til skýribreyta.*

*Reikniaðferðir sem lagðar eru til grundvallar eru að mestu sambærilegar við þær sem notaðar voru í fréttariti KOS með tveimur mikilvægum undantekningum. Vaktaálag er hér flokkað sérstaklega en ekki með öðrum launum. Þá eru aðeins teknar með í útreikningana þær færslur úr gagnasafni þar sem stöðugildi í dagvinnu (greitt starfshlutfall) er á bilinu 25% til 100%. Tilgangur þess er að forðast óeðlileg áhrif frávíka í minni hópum, enda geta óregluleg launauppgjör og frávik í skráningum haft umtalsverð áhrif á meðallaun.*

*Meðallaun eru fengin með því að deila með fjölda greiddra stöðugilda í samtölu viðkomandi launaflokkunar samanber meðfylgjandi skýringar á flokkun launategunda"*

**Tafla (1).** Tafla sýnir meðaltals samanburð fyrir árið 2012 á dagvinnulaunum og heildarlaunum félagsmanna KVH sem starfa hjá ríki, skipt niður á laun karla og laun kvenna

	Konur	Dagvinnu	Yfirvinnu	Önnur	Heildar	Karlar	Dagvinnu	Yfirvinnu	Önnur	Heildar
Mán.	stöðugildi	laun	laun	laun	laun - konur	stöðugildi	laun	laun	laun	laun- karlar
201201	221,9	447.990	99.062	162	547.215	226,4	464.017	115.558	576	580.151
201202	227,6	446.891	101.838	395	549.124	226,5	467.613	123.680	575	591.869
201203	228,2	463.865	101.578	394	565.837	229,3	487.799	127.061	1.194	616.054
201204	229,5	463.141	99.595	23.701	586.437	230,8	487.105	125.500	23.322	635.927
201205	234,7	463.431	101.515	537	565.483	234,0	485.692	124.108	716	610.516
201206	239,5	463.263	103.539	394	567.196	235,0	485.207	124.812	757	610.776
201207	233,1	464.694	106.785	310	571.790	234,4	486.948	124.187	2.983	614.118
201208	240,4	464.031	102.648	125	566.804	230,2	488.262	121.695	447	610.404
201209	249,0	464.470	104.991	313	569.774	234,6	490.035	126.943	660	617.638
201210	247,4	465.559	106.963	478	573.000	234,8	489.232	130.733	778	620.743
201211	251,6	464.159	104.870	46.739	615.767	235,6	489.683	127.469	49.020	666.171
201212	253,0	464.446	111.795	12.160	588.400	233,5	489.410	132.538	21.450	643.399
<b>Meðaltal 2012:</b>		<b>461.526</b>	<b>103.888</b>	<b>7.357</b>	<b>572.771</b>		<b>484342</b>	<b>125.392</b>	<b>8.608</b>	<b>618.341</b>

Heimild: vefslóð-[http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn\\_rikisins/laun](http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn_rikisins/laun).

**Tafla (2).** Tafla sýnir heildaryfirlit fyrir árið 2012 á meðaltals dagvinnulaunum og heildarlaunum félagsmanna KVH sem starfa hjá ríki án kynjaskiptingar.

		Dagvinnu	Yfirvinnu	Önnur	Heildar
Mán.	Stöðugildi	laun	laun	laun	laun
201201	448,4	456.084	107.392	371	563.848
201202	454,1	457.225	112.731	485	570.441
201203	457,6	475.861	114.350	795	591.007
201204	460,2	475.156	112.583	23.511	611.250
201205	468,7	474.544	112.793	626	587.963
201206	474,5	474.132	114.076	574	588.781
201207	467,4	475.852	115.510	1.650	593.013
201208	470,6	475.885	111.966	283	588.134
201209	483,5	476.871	115.640	481	592.991
201210	482,2	477.088	118.539	624	596.250
201211	487,2	476.503	115.799	47.842	640.144
201212	486,5	476.430	121.752	16.620	614.801
<b>Meðaltal 2012:</b>		<b>472.791</b>	<b>114.505</b>	<b>7.974</b>	<b>595.270</b>

Heimild: vefslóð-[http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn\\_rikisins/laun](http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn_rikisins/laun).

**Tafla (3).**

Heildarlaun hjá ríki 2012.	
Samanburður milli stéttarféлага.	
Stéttarfélag	Heildarlaun meðaltal 2012
KVH	595.270
SL	581.301
FHSS	551.826
BHM	513.337
FÍF	511.214
Fræðagarður	486.698
FÍN	479.568

Heimild: vefslóð-[http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn\\_rikisins/laun](http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn_rikisins/laun).

**Tafla (4).**

Dreifing launaflokka hjá félagsmönnum hjá ríki, des. 2011									
Lfl.	Álagsþrep								
	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01									
02									
03					1	1			
04	1	1	1						
05	2	2	5	9	2	2		1	1
06		3	2		5	1	1		
07	4	3	1	4	1	1	2		
08	4	5	1	6	2	6	2		1
09	3	4	6	13	7	3	3		
10	1	7	8	11	4	8	1	4	
11		10	11	17	13	12	4		2
12	1	7	5	9	11	7	4	1	2
13	1	4	5	7	6	5			2
14	3		1	3	2	3	3	3	3
15	1	3	3	3	5	8	10	2	
16	1	4	2	4	3	5	3	5	
17	1		1	1	9	6	8	5	4
18				1	3	3	2	3	19
19			1	1	1				
20									
21							1	1	
22									

Heimild: Fjármálaráðuneyti, unnið úr færslulýsingu C


#### 4. Atvinnuástand

Samkvæmt útreikningum Vinnumálastofnunar hefur atvinnuleysi á vinnumarkaði frá desember 2011 til desember 2012, minnkað úr 7,3% í 5,7%. Fjöldi einstaklinga sem voru atvinnulausir á þessu tímabili var 12.679 og hafði minnkað í 9.489. Fjöldi atvinnulausa háskólamenntaða einstaklinga var 2.065 í des 2011, en í des 2012 var atvinnuleysi þeirra 1.647. Atvinnuleysi háskólamenntaðra fór því minnkandi árið 2012.

Atvinnulausir félagsmenn KVH voru 11 talsins í nóvember 2012 eða 1,3% en í sama mánuði árið 2011 voru þeir 14.

Atvinnuleysi félagsmanna hjá BHM er hlutfallslega lítið en af 9.500 félagsmönnum eru einungis 151 félagsmenn skráðir án vinnu í nóvember 2012 eða 1,6%. – sjá línurit.

**Tafla(5).** Atvinnuleysi félagsmanna BHM nóv.2009 til nóv.2012



Heimild: Skrifstofa BHM.

## 5. Verkefni stjórnar KVH 2013-2014.

Aukinn kraftur verður lagður í stofnanasamninga. Nú þegar eru fyrirbyggjandi fundir með nokkrum ríkisstofnunum í apríl. Núverandi stjórn félagsins hefur haft þá stefnu og talið æskilegt að félagið geri sína eigin samninga við sem flestar stofnanir.

Miðlægir kjarasamningar eru lausir í byrjun árs 2014. Nauðsynlegt er að hefja vinnu við skipulagningu og undirbúning kröfugerðar í ágúst næstkomandi. Fyrirhugað er að félagið kanni skoðanir félagsmanna til kjaramála með netkönnun næsta haust.

Ný vefsíða mun vera áfram í þróun fram á sumar en þessi samskiptamiðill gefur ótal möguleika á bættri upplýsingaþjónustu við félagsmenn. Áformað er að bæta við nýja heimasíðu félagsins hnappnum „mínar síður“, þar sem hver einstakur félagsmaður hefur yfirlit yfir þá þjónustu sem hann hefur fengið. Um er að ræða þá tengingu við sjóði BHM. Skrifstofa BHM hefur nú þegar hafið undirbúningsvinnu vegna þessa verkefnis.

Kynningarbæklingur KVH er fullgerður. Í framhaldi er stefnan sett á aukna kynningu með það að markmiði að auka fjölda félagsmanna. Ljóst er, svo dæmi sé tekið að heimsóknir til starfsmannastjóra stórra fyrirtækja á almennum markaði hefur ekki verið sinnt. Nauðsynlegt er að bæta þennan þátt á komandi starfsári.

Lagabreytingarnefnd mun ljúka vinnu næsta haust og skila tillögu að nýjum lögum félagsins til stjórnar.



## 6. Lokaorð

Stjórn KVH var einhuga í þeirri ákvörðun að stofna nýja skrifstofu KVH. Í kjölfarið, í desember 2012 og fyrstu mánuði ársins 2013 var talsvert álag á stjórn félagsins. Með stofnun nýrrar skrifstofu KVH er ljóst að starfsemi félagsins verður í framtíðni markvissari, boðleiðir einfaldari ásamt því að heildaryfirsýn stjórnar verður betra. Allmörg félög innan BHM eru með eigin rekstur skrifstofu þrátt fyrir að vera með talsvert færri félagsmenn en KVH. Ljóst er að fjölmörg tækifæri eru til staðar næstu misserin að efla starfsemina KVH, til hagsbóta fyrir félagsmenn og er það von stjórnar að á skrifstofunni finni félagsmenn úrlausn sinna mála með skjótum og öruggum hætti.

Reykjavík, 22. mars 2013

F.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Birgir Guðjónsson, formaður